

# C Q T F



Þorvaldur Stefánsson TF4MM hefur sest að á jörðinni Otradal í Arnarfirði á vestfjörðum. Þar hefur hann unnið að því undanfarna mánuði að koma upp sverustu amatörloftnetum sem um getur hérlendis og þótt víðar væri leitað. Hér er verið að ganga frá endastaurum fyrir fæðilínur á Japan og Evrópu romburnar. Myndina tók TF5BW

## Í þessu blaði

4. tbl.  
22. árg.  
sept 2004



Frá ritstjóra .....	2
Frá formanni .....	3
Vetrardagskrá Í.R.A. 2004-2005 .....	4
Til Karíbahafsins fyrir þúsundkall .....	5
Einföld og flóthönnuð QSL kort .....	8
SARTG .....	9
Að kveða niður drauga.....	10
Ferðin til "Mekka" (Dayton).....	12
Rafmagnstengi.....	15
TF4MM í Otradal .....	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætahjónuðarauðind.*
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradió meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2004-2005 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP  
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW  
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT  
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO  
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB  
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG  
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumíðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

## Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar.

Föstudaginn 20. ágúst síðastliðinn brá ég mér suður á land og heimsótti Þór TF1GW og Helgu konu hans í sumarhús þeirra Fögrubrekku sem er stutt frá Flúðum. Dvaldi ég hjá þeim í góðu yfirlæti að venju um helgina. Á laugardegnum skruppum við Þór í heimsókn í Knarrarósvita og hittum þar fyrir hóp amatöra sem voru að taka þátt í vitahelginni og dvöldum við þar í nokkra klukkutíma í sól og góðu veðri. Skilyrði voru í lélegri kantinum og skilst mér að um 200 sambönd hafi verið höfð.

Á sunnudagskvöldið renndi ég í Kópavoginn og gisti um nóttina hjá TF5VJN. Á mánudagsmorguninn var síðan lagt af stað vestur í Otradal í Arnarfirði en þangað hafði minn ágæti vinur Þorvaldur Stefánsson TF4MM boðið mér í heimsókn til að skoða jörðina og þær miklu loftnetaframkvæmdir sem hann hefur staðið þar í. Þangað var ég komin um kl. 11.00 og var strax tekin í sýnisferð um staðinn. Það sem fyrir augun bar er hreint ótrúlegt og orð fá þessu varla lýst en skal þó reynt. Þarna er Þorvaldur búinn að setja upp tvö rombu loftnet, annað stefnir á Japan en hitt á Evrópu, og það þriðja er langt komið í undirbúningi en það mun stefna á Bandaríkin og var einmitt tekin fyrsta skóflustungan að því meðan ég var þarna og grafnar niður stagfestur og holur fyrir staurana, sem eru um 26 metra langir. Það er með ólíkindum að einn maður skuli hafa unnið þetta alltsaman því eina aðstoðin sem hann hefur fengið er frá traktorsgröfu til að grafa holur fyrir staurana og reisa þá. Allt annað hefur hann unnið einn. Þarf þó viðameiri tæki en traktorsgröfu til að reisa tvo 26 metra staura í Banaríkjarombuni.

Allar aðstæður til fjarskipta á staðnum eru stórkostlegar. Engar utanaðkomandi truflanir og varla suð á bandinu. Það má segja að hljóðið í móttökunni hafi lítið breyst þó loftnetskiptinum væri snúið á stöðu þar sem ekkert lofnet var. Það er hreint með ólíkindum hvað þessi loftnet virka vel það þurfti ekki að kalla oft CQ til að fá á sig pile-up annað hvort frá Japan og nálægum löndum eða Evrópu þrátt fyrir léleg skilyrði og voru report gjarnan þetta 20-40 db yfir S9. Þrátt fyrir að sumar stöðvarnar lyftu ekki mæli hljómuðu þær eins og 5 og 9 þvílík er kyrrðin á böndunum og með því að skipta á milli loftneta má nánast slökkva á hinn áttinni. Ekki er tækjábúnaðurinn í sjakknum heldur af verri endanum en

Framhald á síðu 15

CQ TF september 2004

# Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Fjarlægð Íslands frá umheiminum er sífellt að minnka, eins og við verðum vör við á hverjum degi. Eftir alþjóða breytingar á reglugerðum um amatöra (CEPT reglugerðir) hefur það sífellt aukist að erlendir

amatörar komi hingað og starfræki stöðvar í tvær til þrjár vikur og farið síðan. Stundum hafa þessir aðilar haft samband við okkur og komið á opið kvöld á fimmtudögum en oftast hafa þeir ekkert haft samband.

Oft höfum við aðeins frétt af þeim vegna þess að þeir hafa komið fram á “cluster” á netinu. Við þessu er ekkert að gera og aðeins ánægjulegt að menn hafi samband frá Íslandi. En það hefur komið nokkrum sinnum fyrir að mér hefur borist tilkynningar um að þessi eða hin stöðin hafi verið með kallmerki sem samræmast ekki viðeigandi reglum (CEPT).

Nýlegt dæmi er um að stöð sem var starfrækt hér í contest í júlí og einnig í nokkra daga á eftir hafði notað kallmerki sem var skráð sem klúbbstöð í hans heimalandi.

Stjórn Í.R.A. hefur ákveðið að kvarta undan þessu við heimaland viðkomandi og einnig að gera keppnishaldara viðvart um að þarna hafi ólöglegt kallmerki verið notað.

Nú höfum við það alveg á hreinu að klúbbstöðvar geta ekki fengið CEPT leyfi þar sem segir í reglunum að leyfið sé aðeins veitt til *einstaklinga* t.d. gæti TF3IRA aldrei fengið CEPT leyfi. Viðkomandi amatör hafði áður fengið ábendingu frá Í.R.A. vegna sama kallmerkis.

T/R 61-01 E Page 1

Edition of 16 October 2003

**Recommendation T/R 61-01 (Nice 1985, Paris 1992, August 1992, Nicosia 2003)  
CQ TF september 2004**

CEPT RADIO AMATEUR LICENCE INTRODUCTION

“The Recommendation as approved in 1985 makes it possible for radio amateurs from CEPT countries to operate during short visits in other CEPT countries without obtaining an **individual** temporary licence from the visited CEPT country”.

Hluti af svári frá: **European Radio-communications Office** vegna fyrirspurnar um þennan þátt:

“I assume that what you mean is whether a station can be authorized once and anyone from the club can operate it under that license. The answer is no as a CEPT radio amateur license is granted to an **individual** who is then entitled to operate a station, and it is not granted for a piece of equipment”.

Það skal tekið fram hér að þetta er ekki eina stöðin sem hefur notað klúbbstöðvar-kallmerki og munum við gera athugasemdir varðandi þau tilvik sem upp hafa komið.

Einnig hefur nokkuð borið á því að þessar erlendu stöðvar hafi ekki farið eftir reglum um hvernig nota skal auðkenni um TF/sumir hafa notað auðkenni um kallmerkjasvæði með td. TF3/XX3XX/p/m eftir því hvort á við, mörgum finnst og halda því fram að þetta sé í lagi því gott sé að vita hvar menn eru. Þetta er bara ekki rétt og höfum við í stjórn Í.R.A. ítrekað vakið athygli á þessu til dæmis er á heimasíðu DARC sagt frá þessu á rangan hátt en þeir hafa ekki breytt þessu.

Nú hefur vonandi rofað til hvað varðar kennslu næsta vetur fyrir veraðndi radióamatöra og eru uppi áætlanir um að hefja kennslu í september eða október. Vonandi tekst að koma þessu af stað sem fyrst því við vitum af fjölda manns sem hefur

Framhald á síðu 14

# Vetrardagskrá Í.R.A. 2004-2005

Pór Þórisson TF3GW



Vetrardagskrá Í.R.A. fyrir veturinn 2004-2005 er áætluð eins og eftir farandi tafla segir til um. Hugsanlega breytast dagsetningar á einstökum liðum þar sem ekki er ljóst hvort þeir sem eru með fyrirlestrana geti verið á áætluðum tímasetningum t.d. vegna vinnu og fl. hjá viðkomandi fyrirlesurum. Allar breytingar verða tilkynntar á Í.R.A. póstinum svo fljótt sem auðið er ef með þarf. Á eftir hverjum fyrirlestri verður svarað spurningum sem upp koma. Boðið verður upp á léttar veitingar gegn vægu gjaldi á fyrirlestrunum. Eftir einn ak ei neinn.

## September.

Fimmtudaginn 16. kl. 20:30 verður Hörður Mar sem er verkfræðinemi við HÍ með fyrirlestur um PIC smáörgjafa sem eru geysilega hentugir í allskonar stýringar og mælitæki, jafnvel líka í amatör tækjum t.d. nota Elecraft K1 og K2 þá mikið.

## Október.

Fimmtudaginn 14. KL.: 20:30 verður Hans Utne LA6IM/TF8BK og Benedikt TF3TNT með fyrirlestur og sýningu á Automatic Packet System (APRS) en þeir eru báðir miklir áhugamenn um það.

## Nóvember.

Fimmtudaginn 18. kl. 20:30 verður Hrafnkell TF3HR með fyrirlestur um DDS sveiflufvaka (Direct digital synthesis) sem eru mjög stöðugir sveiflufvakar. (Sambærilegt við krystalla)

Þessa sveiflufvaka er hægt að tjúna frá DC upp í tugi MHz með finni upplausn (brot úr Hz). Þeir eru farnir að sjást í QRP-tækja kittum.

## Janúar.

Laugardaginn 15. kl. 14:00 verður haldinn almennur fundur um allt það sem við kemur starfssemi Í.R.A. og eins því sem ykkur dettur í hug. Að sjálfsögðu verður heitt á könnunni ásamt meðlæti eins og hver getur í sig látið.

## Febrúar.

Fimmtudaginn 17. kl. 20:30 verður Kristján Benediktsson TF3KB með fyrirlestur um digital útvarp og fl. sem tengist því.

## Mars.

Væntanlega verður reynt að hafa bjórkvöld einhvern tíma í mánuðinum það verður tilkynnt seinna og uppástungur um tímasetningu er vel þegnar.

# Til Karíbahafsins fyrir þúsundkall

Kristinn Andersen TF3KX



Nei, þetta er ekki auglýsing fyrir enn eitt lággjaldflugfélagið. En fyrir þúsund krónur eða svo má kaupa í næstu sjoppu venju- legar rafhlöður sem duga til að knýja lítinn,

heimagerðan sendi. Frá vírspotta, út úr þakglugganum eða í bakgarðinum, sjá lög- máll edlisfræðinnar til þess að rafsegul- bylgjurnar hefji langferð sína. Leiðin liggur frá ströndum eyjarinnar í Íshafi, út yfir úfið Atlantshafið með viðkomu í háloftum jóna- hvolfnsins, og svo áfram til fjarlæggra landa og annarra heimshluta. Með aflinu úr raf- hlöðunum, sem líklega voru fremur ætlaðar til að lýsa upp vasaljósperu en örlítið sendi- tæki, er ekki óalgengt að koma greinanlegu merki til annarra heimsálfa Ameríku, Asíu, jafnvel Eyjaálfu, tugþúsundum kílómetra í burtu og hinum megin á jarðkúlunni. Hve langt hefði aflið úr þessum sömu rafhlöð- um dregið frá vasaljósi? Þetta eru tófrarnir við amatörradíó en aðeins ein af mörgum ástæðum þess að við löðumst að þessu margbreytilega og heillandi áhugamáli.

## Sendiviðtækið SW20


Það var haustið 2002 sem ég ákvað að reyna að einhverju marki fyrir mér í fjarskiptum með litlu afli, eða QRP eins og það er skammstafað hjá okkur radióamatörum. Jafnframt langaði mig að koma mér upp meðfærilegri en fullbúinni stöð sem ég gæti tekið með mér með lítilli fyrirhöfn í ferðalög. Eftir talsverða

CQ TF september 2004

skoðun og samanburð á netinu ákvað ég að panta efni í tæki (“kit”) frá Small Wonder Labs [1]. Tæki þaðan hafa fengið afar góða dóma og ég sannreynði frábæran frágang, leiðbeiningar og þjónustulipurð hjá eiganda fyrirtækisins og hönnuði tækjanna, Dave Benson, K1SWL. Sendiviðtækið er fyrir 20 m tíðnisviðið, með VFO tíðnistillingu, all- góðum “superhet” móttakara með kristalsíu og tækið sendir út allt að 2 W. Tækið er gert eingöngu fyrir mors-fjarskipti, sem gerir kleift að gera tækið mun einfaldara en annars væri, og fátt jafnast á við skýrleika mors-sendinga þegar tekið er á móti veikum

---

**SW20 sendiviðtækið ofan við radiódag- bókina og Emtech loftnetsrásin hægra megin. Allur búnaðurinn, að meðtöldum loftnetsvír, kemst fyrir í litlu veski. Með þessari fullbúnu ferðastöð TF3KX nást oftast sambönd um þúsundir kílómetra**





og fjarlægum merkjum.

Samskonar tæki eru jafnframt til frá Small Wonder Labs fyrir 30, 40 og 80 m. Verðið er um \$ 60 án kassa, en \$100 með kassa, tengingum og ýmsum aukahlutum. Ég valdi síðari kostinn, af fenginni misjafnri reynslu af kassasmíði, borunum og slíku. U.þ.b. þrjú kvöld fóru í að setja tækið saman og reyndar gerði ég nokkrar minni háttar úrbætur sem ég hafði fundið á netinu og í bókum. Fyrir utan að ég brenndi yfir transistor í útgangi sendisins, af gáleysi og setti annan í staðinn, fór tækið vandræðalaust í gang.

### Fylgihlutir og frágangur

Ég smíðaði örlítinn mors-lykil úr tveimur lengjum af PCB-bretti. Við annan endann eru lengjurnar aðskildar með u.þ.b. 3 mm einangrandi kubbi (ég notaði ónýta 7400-rás með afklippnum löppum) og koparhliðarnar snúa saman, inn á við. Við hinn enda annarrar lengjunnar lóðaði ég ró úr látúni, og lyklun gerist með því að hin PCB lengjan snertir róna þegar lengjunum er þrýst saman. Heyrnartólin sem ég nota eru Panasonic tappar, sem stingast inn í eyrun, án spennu yfir höfuðið og eru því afar fyrirferðarlitlir. Ég prófaði nokkrar gerðir og sannreynði það sem ég hef stundum heyrt fleygt, að heyrnartól frá “þekktum framleiðendum” (Sony, Panasonic, o.þ.h.) eru iðulega mun næmari en ódýrari gerðir.

Og þá er aftur komið að rafhlöðunum, en þar nota ég 10 “AA” rafhlöður, raðtengdar. Spennan í fyrstu er þá í hærra lagi, um eða yfir 15 V, en lækkar eftir fyrstu notkun og við lyklun sendisins. Ég hafði ráðgert að nota endurhlaðanlegar rafhlöður, en féll frá því eftir að ég fékk reynslu á

endingu AA-rafhlaðanna, sem að auki fást nánast alls staðar. Í hlustun dregur tækið um 14 mA straum og við sendingu rúm 200 mA (fer eftir rafhlöðuspennunni). Sömu rafhlöðurnar dugðu mér samtals í 9 mánuði, en mér taldist til að samanlagður tími tækisins í gangi, hlustun eða sendingu, hafi verið um 19 klst. Dæmigert var þessa níu mánuði að ég kveikti á tækinu í 20-30 mínútur í senn, hlustaði og hefði 1-3 sambönd hverju sinni. Undantekning var að ég næði ekki einhverju sambandi út fyrir landsteinana þegar ég setti stöðina upp og þó var loftnetið oftast ekki annað en tíu metra langur vír út um glugga eða í lítilli hæð yfir jörðu. Á þessu tímabili hafði ég 84 sambönd, til u.þ.b. 30 landa frá Íslandi. Fjarlægasta sambandið til þessa er við Aruba (P4) í Karibahafi, í um 7000 km fjarlægð, en afl sendisins var nokkru innan við 1 W.

Til þess að geta notað loftnet við sem fjölbreytilegastar aðstæður setti ég saman aðlögunarrásina (“antenna tuner”) ZM-2 frá Emtech [2], sem er lítil, meðfærileg og

**Mors-lykillinn, sem gerður er úr tveimur lengjum af prentplötum, þar sem koparhliðarnar snúa saman. Ró er lóðuð á aðra plötuna, þar sem snertipunkturinn er við lyklun.**



notar einfaldlega ljósdíóðu til að sýna standbylgju. Þessi viðbót kostaði um \$60, en vel þess virði og gagnast með öðrum QRP tækjum. Með stöðinni hef ég tvö víralofnet - dípól og hálfbylgjuvír, auk tengibúnaðar, radiódagbókar, blýants og annars smádóts. Öllum búnaðinum pakka ég inn í lítið veski eða tösku, sem upphaflega var ætluð fyrir snyrtiáhöld og er litlu stærri en bók og fer með mér sem fullbúin fjarskiptastöð hvert á land sem er og gott betur.

### Nýir amatörar - tækjaskortur er engin afsökun

Af fenginni reynslu mæli ég eindregið með SW-sendiviðtækjunum, en fleiri tæki koma til greina. Elecraft [3] hefur hannað tæki til samsetningar, sem hafa hlotið lofsamlega dóma en eru nokkru dýrari - um \$300 og yfir. Small Wonder Labs býður fleiri tæki en það sem hér var lýst. Þar má nefna “Rock Mite”, sem eru kristalstýrð 0,5 W sendiviðtæki fyrir 40 eða 20 m, með innbyggðum lyklara (“electronic bug”) og kosta um \$30. Þegar þetta er skrifað var ég að fá eitt slíkt ósamsett, pantað frá Þýskalandi þar sem tækið fékkst með evrópsku QRP tíðninni 7,030 MHz. Loks má nefna einna einfaldasta sendiviðtækið, sem gengur m.a. undir nafninu “Pixie2” og notar aðeins þrjá transistora, en úr því fæst nothæfur mótakari og 0,2 W sendir. Án kristals kostar efni og prentplata aðeins \$10 frá HSC [4] og ódýrari gerast sendiviðtæki varla.

Nú hafa kröfur um mors-kunnáttu verið lagðar af fyrir próf radióamatöra. Það eru þó góðar ástæður fyrir okkur til að halda við þessari færni og hvetja nýja amatöra til þess að tileinka sér hana áfram. Mors er sá fjarskiptaháttur sem gerir mönnum kleift að hafa fjarskipti um mun lengri vegalengdir og með langtum einfaldari tækjabúnaði en nokkur annar fjarskiptaháttur býður. Það er því rangt, sem stundum heyrir, að mors hljóti smám saman að víkja fyrir öðrum fjarskiptaháttum. Mors-fjarskipti gefa kost

**CQ TF september 2004**

á einfaldleika og langdrægni sem enginn annar fjarskiptaháttur kemst nærri.

Að undanförunu hafa fjölmargir staðist próf fyrir radióamatöra hérlendis, en ekki farið í kjölfarinu í loftið og orðið virkir radióamatörar. Ástæðan er oft sú að mönnum vex í augum að fjárfesta í tækjum. Ég vona að þessi samantekt sýni að með einföldum, vönduðum búnaði og tiltölulega litlum kostnaði má komast af stað og reyndar komast býsna langt - jafnvel til Karíbahafsins!

### Tilvísanir

- [1] Small Wonder Labs:  
<http://www.smallwonderlabs.com>
- [2] Emtech:  
<http://emtech.steadynet.com>
- [3] Elecraft:  
<http://www.elecraft.com>
- [4] HSC Electronic Supply:  
<http://www.halted.com>

73 de TF3KX  
(tf3kx@simnet.is)

**Gjaldkeri  
minnir á  
félgasgjöldin**

# Einföld og fljóthönnuð QSL kort

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX



Þegar ég varð virkur amatör lét ég prenta 1000 QSL-kort. Voru þau fremur fljót að fara en eitthvað vafðist fyrir mér að panta fleiri. Var að hugsa málið.

Hvaða upplýsingar þarf að hafa á svona korti? Best að hafa sem mest því þá þarf minnst að skrifa og viðmælandinn fær að vita meira en bara nafn og kallmerki. En svo koma vandamálin: ný tæki eru keypt, nýtt loftnet sett upp eða heimilisfang breytist. Áhugamálið fer stundum í annan farveg og þurfa þá nýjar upplýsingar að komast á kortið. Allt þetta getur gert að finna kortin verða ónothæf eða að strika þarf yfir og skrifa annað í staðinn. Stundum vantar mann bara fáein kort, t.d. eftir útileika eða önnur ferðalög.

Varð það úr, að ég fór að búa til QSL-kortin sjálfur. Ekki hafa þessi kort unnið neina fegurðarsamkeppni, en þjónað sínum tilgangi: að staðfesta QSO. Að sjálfsögðu væri hægt að nota bara eQSL [1] en það er nú allt önnur tilfinning að líta í hólfið sitt og finna þar bunka af raunverulegum QSL-kortum.

Ýmsar aðferðir hef ég notað við kortagerðina, en í dag nota ég Word og Leisiprentara (prentar 600 x 600 punkta á tommu). Hönnunin er einföld og fljótleg og auðvelt er að gera breytingar ef þörf krefur. Í stuttu máli:

1. Í Word vel ég "Fil/Utskriftsformat/Papirstørrelse/Liggende"
2. Skrifa textann sem ég vil hafa á kortinu [2]
3. Nota "Sett inn/Bilde/WordArt" til að skrifa kallmerkið
4. Nota "Tabell/Sett inn tabell" til að skrifa

dag, mánuð, ár, tíðni, mótun o.s.frv.

5. Laga uppsetninguna, skriftstærðir og millibil þannig að allt komi innanvið reit sem er 9 x 14 sm. Þetta er kort nr. 1 efst í vinstra horni

6. Bý til afrit af korti nr. 1 neðan við kort nr. 1. Þetta er kort nr. 2


7. Set nokkur línubil á milli kortanna svo kort nr. 2 komi neðst í vinstra hornið

8. Ef kortin eiga að vera eins, er hönnun lokið. Ef ekki, breyti ég öðru kortinu að vild

9. Vista skrána

Vilji menn hafa félagsmerki eða litla mynd á kortinu, þá er ekkert því til fyrirstöðu.

Nú er prentarinn ræstur. Mér hefur tekist að finna ljósbláan pappír í A4 stærð og þyngdin er 160 g m<sup>2</sup>. Í Word vel ég hvað á að prenta mörg eintök. Ef ég ætla að búa til fjögur kort, vel ég tvö eintök. Prenta fyrst kort nr. 1 og nr. 2, endasny svo blaðinu og prenta aftur.



Mynd 1

Eru þá komin fjögur kort á blaðið (mynd 1). Ástæðan fyrir þessari tvíprentun er sú að prentarinn er framleiddur í henni Ameríku og getur bara prentað "Letter Size" þó hann þykist ráða við A4. Það er því ómögulegt að prenta kort í hverju horni nema með því að snúa blaðinu eins og áður er sagt. Kosturinn



við þessa hornamennsku er að þá þarf bara að skera af tveim hliðum á hverju korti.



## Mynd 2

Fyrir skurðinn hef ég búið til einföld hjálpargögn. Tvær fjalir sem eru skrúfaðar saman og mynda 90° horn sín á milli og tvær krossviðarræmur 9 og 14 sm breiðar. Mynd 2 sýnir hvernig þetta er notað.

Ef fram-leiða á mörg kort og dagbókin er til á tölvutæku formi getur borgað sig að nota forrit sem prentar kortin með öllum upplýsingum um hvert QSO[3]. Til eru líka forrit sem hjálpa þér að hanna kort [4] en ég hef ekki fundið neina aðferð sem er fljótlegri og einfaldari en þá sem lýst er hér að framan.

[1]  
eQSL eftir Sigfús Jónsson TF5SJ. CQTF maí 2001

[2]  
QSL-kort eftir Bjarna Sverrisson TF3GB. CQTF maí 2004 (allir sem hanna QSL-kort ættu að lesa þessa ágætu grein)

[3]  
<http://www.kvindelands.no/la9iha/qls.html>  
(þetta er gamalt forrit, en ég veit að það er enn í notkun)

[4]  
<http://www.qls.net/wb8rcr/>

Sigfús Jónsson, TF5SJ (LA0BX)  
[sigfus@start.no](mailto:sigfus@start.no)

# SARTG

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX



## Formáli

*Eftirfarandi grein er skrifuð árið 1992 og var send stjórn Í.R.A. og ritstjóra CQTF í júnimánuði sama ár. Ekki er vitað hvort hún komst heilu og*

*höldnu yfir Íslandsála en ekkert hefur heyrst frá Íslandi um örlög hennar. Í sumar frétti ég svo að Þorvaldur Stefánsson (TF4MM) hefði tekið að sér að vera um-boðsmaður SARTG á Íslandi. Flaug mér þá í hug að ef til vill mætti nýta þessa gömlu grein sem lið í kynningu á SARTG.*

Ef þú hefur áhuga á stafrænum fjarskiptum eins og PACKET, AMTOR, PACTOR, CLOVER, ASCII, FAX, HELL eða SSTV, þá er félagsskapurinn SARTG ef til vill eitthvað fyrir þig. SARTG er skammstöfun fyrir "Scandinavian Amateur Radio Teleprinter Group". Mig langar til að kynna félagið í stuttu máli og nefna helstu verkefni þess.

Upphafid að stofnun félagsins var RTTY QSO, á 80 m, milli Karsten OZ4FF á Borgundarhólmi og félaga hans á Sjálandi. Svíi nokkur Eskil að nafni (SM7DMG), fylgdist með á sinni RTTY-vél, náði sambandi við Danina og kom með tillögu um að stofna SARTG. Féll þetta í góðan jarðveg og eftir mörg RTTY sambönd og símtöl milli LA, SM, og OZ var félagið stofnað og fyrsta fréttasendingin á RTTY fór fram þann 8 apríl 1970. Fyrsta tölublað SARTG NEWS, sem er málagn félagsins, kom svo út í september sama ár.

Margt hefur breyst síðan 1970, gömlu hávaðasömu RTTY vélarnar eru að hverfa, en tölvurnar hafa tekið við með öllum þeim möguleikum sem þær gefa. Nafn félagsins er ekki lengur réttnefni því starfsemin er ekki

Framhald á síðu 11

# Að kveða niður drauga

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Snemma í vor hringdi síminn hjá mér og á hinum endanum var kunningi minn og nágrenni Russ Wilson, VE6VK, þeir sem eltast við IOTA kannast sennilega vel við manninn. Erindið var að komast að því hvort að ég heyrði truflanir á 20 metrum. Russ hafði verið að berjast í einhverju pile-up og náði í gegn en háværar truflanir urðu til þess að hann náði ekki að klára sambandið til að gera það gilt. Ég fór að hlusta og viti menn það voru truflanir hjá mér líka, heldur þó sterkari en hjá Russ og auk þess á fleiri tíðnum. Truflanirnar lýstu sér sem hálftrar sekúndu púlsaruna og rétt tæp sekúnda á milli þeirra, þetta hljómaði eins og að það neistaði á rofa eða laust samband. Truflanirnar heyrðust á 80 metrum, 20 metrum, 17 og 15 metrum og virtist bilið vera 35 kHz á milli á öllum tíðnum. Báðir erum við með stefnuvirk loftnet og eftir að hafa snúið þeim í allar humáttir kom okkur saman um að truflanirnar kæmu úr næsta nágrenni og þá frekar nær mér en honum. Fljótlega beindust böndin að nálægri götu og vopnaðir AM viðtækjum fórum við á stúfana til þess að finna upptökin á þessum draugagangi. Hér fyrir vestan hagar þannig til að á milli lóða sem snúa bókum saman er oft stígur eða mjó gata. Ég var búinn að vera svo mikið á stjái á þessum stíg með viðtækið í höndunum og heymartólin á hausnum að ég hefði ekki orðið undrandi ef einhver íbúinn hefði hringt og sigað löggunni á mig og sagst halda að ég væri hryðjuverkamaður. Á um það bil 50 metra kafla var truflunin allstaðar svipuð að styrkleika og þar sem þetta er eldra hverfi

eru rafmagnslínur ekki neðanjarðar heldur upp á gamla móðinn á tréstaurem. Okkur grunaði sterklega að draugurinn ætti upptök sín í einhverskonar heimilistæki sem geislaði síðan óhroðanum út um rafmagnslínuna eins og gott loftnet. Ég get vel skilið óttann við BPL eftir þetta allt saman. Draugurinn var til staðar nótt sem dag og virtist alltaf vera eins. Nú var þetta farið að fara verulega í taugarnar á okkur og sáum við fram á gjórsamlega ónýtt radió sumar ef þessi draugur yrði ekki kveðinn í kútinn og það hið snarasta. Næsta laugardag fórum við aftur á stjá upp úr hádeginu og fannst öruggara að vera í dagsbirtu til að vekja síður ótta íbúanna í nágrenninu sem voru farnir að verða verulega tortryggirnir og höfðu grannt auga með okkur. Russ kom á sendibíl með HF og tveggja elementa stefnuvirkt ferðaloftnet (sjá: [www.telusplanet.net/public/ve6vk/](http://www.telusplanet.net/public/ve6vk/)) sem við settum saman á staðnum. Fljótlega bárust böndin að fjórum húsum og var nú bara að fara og banka uppá. Til vonar og vara fórum við tveir saman eins og vottar jehóva. Hús númer eitt, einginn heima, í húsi númer tvö vöktum við húsráðanda sem vinnur næturvaktir og var ekkert yfir sig hrifinn af þessu uppátæki okkar en sagðist aðspurður hafa nýlega komið sér upp þráðlausri nettengingu. Eftir að hafa útskýrt mikilvægi amatör fjarskipta um allan heim með mikilli áherslu á neyðarþjónustu, ARES, féllst sá illa vaknaði á að kippa öllu úr sambandi í smá stund. Sigri hrósandi snérumst við um hæl til að hlusta á HF-ið. Hvert þó í þreifandi, draugurinn reið enn röftum og heldur öflugri en áður. Ég sá í hugskoti mínu glottandi ásjónu púkans á fjósbítanum eins og í sögunni góðu. Með loforðum um að traðka ekki á blómabeðum fengum við leyfi þess nývaknaða, sem var furðu þolinmóður og næstum því farinn að

sýna málinu áhuga, að vafra um lóðina. Nú fannst okkur truflunin koma úr húsinu við hliðina þ.e. númer þrjú. Það var farið að líta út fyrir að þetta yrði langur dagur. Í húsi númer þrjú kom til dyra gamall Breti sem býr einn og er á hækjum, hann virtist bara ánægður að fá heimsókn. Eftir að hafa borið upp erindið sagðist hann ekki hafa verslað neitt rafmangstæki síðasta árið en það væru einhverjar truflanir í sjónvarpinu hjá sér. Nú vorum við félagarnir komnir í virkilegt Sherlock Holmes stuð og vantaði okkur bara pípuna og stækkunarglerið. Truflanirnar kunnuglegu voru sterkar allstaðar í húsinu en þrátt fyrir ýtarlega leit fannst ekki neitt sem gat valdið þessum truflunum. Af rælni fór ég með ferðatækið út í garð og þegar ég gekk fram hjá bílskúrnum voru truflanirnar svo sterkar að ég var rétt búinn að missa tækið úr höndunum. Aha Watson hugsaði ég með mér og fékk lánaðan lykिलinn að skúrnum. Í skúrnum var nýr bill en við hliðina á honum stóð einn af þessum rafmagns drifnu stólum sem gamla fólkið notar gjarnan til að komast ferða sinna. Nú ólmaðist draugurinn svo að ég varð að slökkva á ferðatækinu. Ég teygði mig í hleðslutækið fyrir stólinn kipti því úr sambandi og allt datt í dúna logn, söku-dólgurinn fundinn. Við settum járnkjarna á straumleiðsluna sem lá að hleðslutækinu og virtist það duga. Bretinn sagðist hafa fengið stólinn fyrir ári síðan en ekki stungið honum í samband fyrr en fyrir hálfum mánuði. Ánægðastur var hann samt með að nú var sjónvarpið hans orðið truflanalaust. Að þessu afreki loknu fengum við síðan kaffi og með því en Bretinn sagði okkur sögur af því þegar hann var flugmaður í seinni heimstyrjöldinni. Eftir góða stund sneru allir sáttir heim og hefði maður haldið að hér lyki sögunni. Nokkrum dögum síðar hringir Russ aftur, draugurinn er upprisinn, hver andsk..... en hann er ekki eins sterkur og áður. Önnur heimsókn til stríðshetjunnar leiddi í ljós að hann hafði farið á stjá á stólum og var greinilegt að truflanirnar

voru sterkari þegar rafhlöðurnar voru í aukinni hleðslu og hleðslutækið undir álagi. Í snatri var smíðuð önnur sía og sett á jafnstraums leiðsluna frá hleðslutækinu. Aftur fengum við kaffi og sögur. Draugurinn hefur nú endanlega verið kveðinn í kútinn og ef að við verðum varir við hann aftur er það sennilega vegna þess að gömul einmanna stríðshetja vill bara fá einhvern í heimsókn.

73 de Níels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ

### SARGT frh.

takmörkuð við Skandinavíu. Í nýjustu lögum félagsins segir “Föreningen riktar sig til sändareamatörer och SWL's i de fem nordiska suveräna staterna Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige samt de tre självstyrande områdena Färöarna, Grönland och Åland.” Teleprinter Group er líka orðið of þröngt hugtak, því í dag er RTTY bara eitt af mörgum áhugamálum félagsmanna, en SARTG nafnið er þekkt meðal amatöra víða um heim svo ég geri ekki ráð fyrir að því verði breytt, að minnsta kosti ekki þannig að skammstöfunin breytist.

Fyrstu kynni mín af SARTG var upplýsingabæklingur um RTTY og starfsemi félagsins. Þá var TF3KB landsfulltrúi fyrir Ísland og ég hef heyrt að nokkrir Íslendingar hafi verið með um tíma. Ég gekk í félagið árið 1988 en eftir þann tíma hafa engin TF kallmerki verið að finna í félagatalinu.

Látum þetta nægja um fortíðina og snúum okkur að starfsemi eins og hún er í dag. Tilgangur félagsins er að vinna að og þróa stafræn fjarskipti á amatörböndunum. Félagsmenn eru 881 (nóv. 1991), flestir í Svíþjóð eða 715, LA=84, OZ=62, OH=12, OX=1, OY=3 og 4 frá öðrum löndum.

Félagið rekur forritamiðlun (programbank) fyrir margar tölvutegundir. Þetta eru forrit sem amatörar almennt geta haft not fyrir, en sumt er sérhæft fyrir stafræn fjarskipti. Mesta útbreiðslu virðast IBM samhæfðu

Framhald á síðu 13

# Ferðin til "Mekka" (Dayton)

Kristinn Andersen TF3KX



Tölvupóstur kom frá vini mínum Dave NT1N. Hann og konan hans höfðu verið nokkra daga hjá mér á síðasta ári á leið sinni til Fredriks-hafnar. Nú vildi hann

endilega að ég kæmi með sér til Dayton's á hamfestivalið þar. Erfitt var að neita þessu boði þar sem mig hafði langað að líta á þessa "Mekka" radióamatöra.

Eftir að hafa athugað með frí og flugmiða sendi ég póst til baka um að ég kæmi á þriðjudeginum 11 maí. Er ég lenti í Boston þá beið Dave eftir mér og við keyrðum síðan til CT. þar sem hann býr. Á leiðinni sagði hann mér frá því að JA1DM (Masa) myndi slást í för með okkur en hann kæmi frá NY. næsta dag, það reyndist líka þessi stórskemmtilegi ferðafélagi, sjötugur unglingur.

Morguninn eftir fór ég með Dave í vinnuna, en hann vannur hjá ARRL í höfuð-

stöðvunum í Newington. Ég fékk þar þessar líka finu mótökurnar og "einka" sýningarferð um skrifstofuhúsið þar sem útskýrt var fyrir mér vinnusvæðin og hvað væri gert í hverju herbergi fyrir sig, og þau eru mörg. Á hádegi náðum við síðan í JA1DM á lestarstöðina og fórum síðan með nokkrum vinnufélögum Dave's á veitingastað (maður varð að prófa nautasteikina þeirra). Eftir hádegið fórum ég og Masa í eldra hús höfuðstöðvanna, en þar eru radio sjakkarnir 4 og hver og einn búinn dýrustu og bestu tækjum frá öllum framleiðendum. Eftir að við Masa höfðum fengið að opera í ca. hálf tíma þá lét stöðvarstjórinn Joe ,NJ1Q okkur hafa þessar finu diplómur um að hafa notað stöðina W1AW. Ég spurði Joe hvort ég væri eini TF maðurinn sem hefði komið þarna, hann taldi að sennilega hefði einn TF maður komið þarna áður og eftir að hafa leitað í gestabókum aftur í tímann þá fundum við að

Framhald á síðu 14



## SARTG frh.

tölvurnar hafa, en Commodore 64 og 128 eru líka vinsælar. Amiga og Atari hafa sínar deildir í bankanum og nýlega er búið að stofna deild fyrir Macintosh. Þá er bara eftir að nefna almennu deildina, en það er safn af forritum fyrir ýmsar gerðir af tölvum sem ekki eru nefndar hér fyrir framan.

SARTG stendur fyrir fleiri keppnum á hverju ári. Sú fyrsta er frá 08:00 til 12:00 á nýársdag (80 og 40 m). Þetta er rólegheita keppni og skilaboðin (auk rapports og númers) eru nafn og nýársóskir á máli þess lands sem þú sendir frá. Finnar senda til dæmis “Hyvaa uutta vuotta”. Oftar en einu sinni hef ég séð lengri samtöl á skjánum þegar gamlir kunningjar hittast og er þá ekki verið með neina keppnisstreitu. SARTG keppnin í ágúst er ein af þessum stóru, alþjóðlegu á RTTY en lítið hefur farið fyrir þátttöku frá TF. Eina stöðin sem ég hef séð er KE0YG/TF (1991). TF3KX er líka með, frá Bandaríkjunum (W4/TF3KX). Í fyrra fór svo félagið af stað með AMTOR keppni. Náði hún strax miklum vinsældum og verður árlegur viðburður.

Diplómuútgáfu hefur félagið rekið frá upphafi. WSRV hefur náð töluverðum vinsældum en það er veitt fyrir RTTY sambönd við stöðvar í LA, SM, OH, TF, OX, OY og OZ.

Þá er ég kominn að mikilvægu atriði í starfsemi félagsins blaðaútgáfu, sem er aðal tengiliðurinn milli félagsmanna. SARTG NEWS er myndarlegt blað, sem kemur út fjórum sinnum á ári, 64 eða 68 blaðsíður (A5) í hvert skipti. Góð reglusemi er á útgáfunni, ákveðnir útgáfudagar og endar hvert blað með því að tilkynna hvenær handrit fyrir næsta blað þurfi að hafa borist ritstjóra. Auk þessa sjálfsagða og nauðsynlega efnis (reikninga, félagatals, fundargerða, stjórnarskýrslu) eru margar fróðlegar greinar og vil ég nefna nokkrar fyrirsagnir úr síðustu blöðum: “Antenner ombord í fritidsbátar”, “Digitalt via satellit”, “Vad er APLINK?”, “Väderfax med PC-dator”, “CLOVER”, “Baycom-modem”,

“PACTOR hur det funker” og “The BARTG Multiterm”.

Ekki er allt um tækni. Keppnisreglur og úrslit, hugleiðingar, frásagnir og ferðasögur (t.d. “Digital DX-pedisjon til Island og Færøene” eftir LA4LN) er líka að finna í blaðinu en allt er þetta á einhvern hátt tengt áhugamálum okkar radióamatöra. Mikið af efni blaðsins er skrifað af félagsmönnum, svo hér er notuð sænska, danska og norska. Stundum eru líka birtar góðar greinar úr öðrum blöðum t.d. DigiCom og RTTY-Journal. Þessar greinar eru oft birtar í sinni upprunalegu mynd (ljósritaðar), þannig að enska er líka notuð og stöku sinnum kemur eitthvað smávegis á þýsku. Við skoðanakönnun kom í ljós að þessi málablanda veldur ekki teljandi erfiðleikum. Eins og ég sagði kemur blaðið út fjórum sinnum á ári, þannig að fréttir geta orðið fjögurra og háls mánaða gamlar (með framleiðslu-, prentunar- og dreifingartíma) áður en þær ná félagsmönnum. Þetta vandamál er leyst með mánaðarlegum fréttasendingum gegnum PACKET-kerfið.

Ég hef stiklað á stóru í þessari kynningu, en ég vona að þegar þetta er lesið liggja sýnishorn af SARTG NEWS í félagsheimili ÍRA. Fyrir þá sem ekki hafa tækifæri til að koma í félagsheimilið vil ég nefna að hægt er að gerast félagi með því að greiða SEK 100,- inn á sænskan póstgiróreikning nr. 23 13 38 5. Vertu nákvæmur þegar þú skrifar kallmerkið þitt, nafn og heimilisfang. Sú upphæð sem ég nefndi er fyrir 1992, en ég veit ekki hvað gjaldið verður fyrir 1993.

## Eftirmáli

*Já svona var þetta árið 1992. Forritamiðlunin og Amtor-keppnin hafa horfið og ekki eru neinar fréttasendingar á Packet en margt nýtt hefur komið til. Mikil þróun hefur orðið á tölvusviðinu og í stafrænum fjarskiptum, en grundvallar atriðin eru þau sömu. Að undanförunu hefur verið ládeyða í starfseminni en nú hafa komið fram á völlinn menn sem virðast hafa*

Framhald á síðu 14



## Frá formanni frh.

Áhuga á þessu enda er um góða menntun um að ræða hvort menn ætla að fara í loftið eða ekki.

Enn hafa umræður um útileikana hafið gönguna og sitt sýnis hverjum. Gaman eða ekki það er ekki málið finnst mér, heldur að taka þátt í því sem félagið er að gera. Ég held að þessi tiltekna helgi sé ekki heppileg en hvað með það sem menn hafa kallað "Vítahelgin" það er þegar við höfum farið í Knarrarósvita til að skemmta okkur og öðrum. Því miður hefur ekki verið um neinn fjölda manns þar heldur og haldi maður áfram að nöldra þá finnst mér skrítið að aðeins um 20 manns sjái sér fært að koma á aðalfund félagsins. Ekki heldur á fimmtudögum en þar hafa u.þ.b. 7 til 10 manns verið að mæta. Vonandi verður breyting þar á en varaformaður hefur sett upp dagsskrá fyrir næsta vetur en þó er ekki hægt á þessu stigi að segja frá henni.

Svo smá frétt í lokin. Félagið hefur látið útbúa borðfána með merki félagsins og eru þeir til sölu hjá TF3SNN. Sjáums fljótlega.

Haraldur Þórðarson, TF3HP  
Formaður Í.R.A.

---

## Ferðin til "Mekka" (Dayton) frh.

TF3DX hafði stigið þarna inn. Síðan var haldið heim til Dave's og grillaðar stórsteikur að hætti kanans.

Næsta morgun var haldið að stað til Dayton, keyrðum um 5 fylki (villtumst lítileiga). Og eftir 12 tíma akstur komum við á gistihúsið og þar tók á móti okkur K7CCC. Eftir morgunverð á McDonalds daginn eftir var haldið til "Hara" hallarinnar. Þar voru 4 innisalir og geisistórt útsvæði. Ég var genginn upp að hnjám fyrsta daginn, við eyddum við honum að mestu á útsvæðinu vegna þess að það spáði rigningu á laugardeginum. Þvílík ógrynni af alskonar dóti hafði ég aldrei séð áður, lítið var verslað en þess meira skoðað og rætt við solumennina, en marga af þeim hafði ég haft QSO við áður. Á laugardaginn vípað og

skoðuðum við innisvæðin og villtist ég mörgum sinnum, fólksfjöldinn skipti þúsundum og sýningarbásarnir voru 657. Um kvöldið var boðið á "Contest dinner" á einu besta hóteli Daytons, en það er það hotel sem þeir ríku gista gjarnan um þessa hátíð. Þar voru contest stórmennin heiðruð og sumir teknir í guða tölu í þeim efnum, en maturinn smakkaðist svipað og íslenskt súpukjöt. Eftir matinn buðu síðan hinir og þessir contest klúbbar upp á guðarveigar á öllum svitum hótelsins sem voru ca. 10 og á flestum hæðum hótelsins. Marga góða vini hitti maður þar á röltinu þar á meðal Martti (OH2BH) og Jukka (OH2PM) en Martti kom hér með contestliðið sitt hingað í CQWW-CW keppnina 1997 eins og margir muna. Spjallað var fram til 02:00 um nóttina en þá var farið aftur á okkar hotel að sofa.

Á sunnudeginum var reynt að skoða hvað hægt væri að fá með 50% afslætti en þá eru menn að reyna að losa sig við afgangana áður en þeir halda heim. Náði ég mér í Balun og sitthvað smávegis því ekki mátti maður bæta mikið á vegna 20kg þyngdartakmörkunar.

Ánægður með ferðina kom ég síðan heim á þriðjudags morgni ákveðinn í að fara næsta ár til Friðriks hafnar í DL landi og skoða þeirra hátíð.

73 Gulli TF8GX.

---

## SARGT frh.

*bæði vilja og getu til að blása nýju lífi í félagið. Eins og í öllum frjálsum félagsskap er starfsemi félagsins algerlega háð vilja félagsmanna til að vinna að sameiginlegum áhugamálum, með því að sinna stjórnarstörfum, skiptast á skoðunum, segja öðrum frá sinni reynslu og hvernig þeir stundi áhugamálið amatörradíó.*

Sigfús Jónsson, TF5SJ (LA0BX)  
sigfus@start.no

# Rafmagnstengi

Ársæll Óskarsson TF3AO



Fyrir nokkru síðan fór ég að hugleiða hvort ekki væri einhver betri og nettari lausn á tengingum í 12 volta kerfinu, heldur en sú að nota Ticino klær og tengla. Við leit mína á Netinu komst ég að því að ARES/RACES (Amateur Radio Emergency Service / Radio Amateur Civil Emergency Service) í Bandaríkjunum nota staðlaða tengingu fyrir slíkt og gengur það undir nafninu Anderson Powerpole. (sjá mynd)

Algengasta stærð sem notuð er, er fyrir 30Amper, enda ekki oft sem að sendar draga meira en 20 Amper. Fáanlegar eru aðrar gerðir ef þörf er fyrir meiri straum-



flutning.

Það fór svo að ég var að panta eitthvað smádót frá Bandaríkjunum og tók með þoka af þessum tengjum sem innihélt um 20 sett. Nú er svo komið að ég er búinn að nota þetta svo víða, að ég er að verða búinn með þessi 20 sett og hyggst við fyrsta tækifæri reyna að ná mér í meira, þar sem ég er alltaf að sjá fleiri staði þar sem ég get notað þetta.

Þeim sem vilja frekari upplýsingar um þessi tengi skal bent á eftirfarandi síður á Netinu.

- <http://home.comcast.net/~buck0/app.htm>
- <http://www.andersonpower.com/products/pp/pp.html>
- <http://www.powerwerx.com/>

73 de TF3AO



## Frá ritstjóra frh.

Þar eru m.a. tvö Yaesu FT1000 MP sendiviðtæki annað Mark-V og hitt Mark-V Field, tveir Emtron magnarar og tvö professional RTTY modem annað HAL ST 8000 og hitt Frederic 1280 A, svo eitthvað sé talið.

Staðurinn er einstakur og landslag og útsýni stórkostlegt. Næsti þéttbýlisstaður er Bildudalur sem er hinumegin við fjallið og sést ekki frá Otradal en er þó aðeins í fimm mínútna fjarlægð. Kyrrðin og róinn er því lík að maður gat sest útá dyrapall um hádegi og heyrst saumnál detta niður í Japan.

Þessa dagga sem ég stoppaði þarna hlustaði

maður ekki á útvarp, horfði ekki á sjónvarp og ekkert var GSM sambandið til að trufla mann. Sem sagt stórkostlegur staður. Heim fór ég síðan á fimmtudagsmorguninn eftir að hafa eytt um 15 mínútum til að horfa í kringum mig og hlusta á kyrrðina.

Ég vil síðan nota þetta tækifæri til að þakka Þorvaldi fyrir heimboðið og óska honum innilega til hamingju með þetta stórkostlega framtak því þetta er ekkert annað en stórkostlegt og óska honum alls hins besta í framtíðinni. Á þennan stað á ég vonandi eftir að koma aftur.

73 de TF5BW

# TF4MM í Otradal í Arnarfirði

Myndirnar tók TF5BW

